

HÚSÖNDIN

76.tbl. 2.árg.
28.ágúst 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 29.ÁGÚST-4.SEPTEMBER



- 29.8 Sander Neissar
31.8 Anna Skarphéðinsdóttir
Laufey Ása Eyþórsdóttir
1.9 Sigríður Guðrún Sigmundsdóttir
4.9 Sigurlína Helgadóttir, Jón Haraldur Helgason, Pawel Gawlik



Réttardagur



Hin árlega réttarsala verður við Hlíðarrétt

sunnudaginn 1.sept.

Salan hefst kl. 9:30.

Vöfluhlaðborð, pylsur og fleira.

Komum og styðjum gott málefni.

Posi á staðnum.

Slysavarnadeildin Hringur

Einnig eigum við til sölu vesti sem eru tilvalin í göngurnar.

Hafið samband Sigga Jósa 865-2005



Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands og Skútustaðahrepps

Eins og síðustu tvö árin verður lagt upp með göngur á miðvikudögum í september nk. undir kjörorðinu „Lífum og njótum“. Göngurnar hefjast kl. 18:00 alla miðvikudaga vítt og breitt um landið og er fyrsta gangan 4. september. Um er að ræða fjölskylduvænar göngur sem taka u.þ.b. 60-90 mín. Tilgangurinn með verkefninu er sem fyrr að hvetja fólk á öllum aldri til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap og efla þar með heilsu sína og lífsgæði. Við leggjum áherslu á sömu þemu og í fyrra, þ.e. náttúru, velliðan, sögu og vináttu.

Dagskrá í Skútustaðahreppi 2019:

4. september kl. 18.00

Gengið frá Birtingatjörn í Dimmuborgir. Mæting við Birtingatjörn (boðið upp á bílferð til baka). Umsjón: Dagbjört Bjarnadóttir.

11. september kl. 18.00

Gengið um Reykjahlíðarheiði. Mæting við flugstöðina. Umsjón: Helgi Héðinsson.

18. september kl. 18.00

Gengið í kringum Stakhólstjörn með nokkrum hliðarsnúningum og vel varðveittum leyndarmálum. Umsjón: Þorlákur Páll Jónsson.

25. september kl. 18.00

Gengið svokallaðan Fagraneshring. Mæting við Icelandairhótelíð. Umsjón: Jóhanna Jóhannesdóttir.

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag.

THE HEALTH CENTER IN MÝVATN

Nurses consultation hours are:

Monday 8.30-10

Tuesday 13-14

Thursday 8.30-10

Off hours Consult reservation tel. (+354) 464-0660

Doctor:

Monday from 13 - 15 and Thursday from 10 - 12

Consult reservations tel. (+354) 464-0660

Health Center at Húsavík:

Tel: (+354) 464-0500

Switchboard open daily 8 AM – 4 PM

At other times, doctor on duty tel: (+354) 1700

**For all accidents
and medical emergencies
call 112**

LYFJA -ÚTIBÚ

Mánudaga 10-12 og 13-15

Priðjudaga 10-12

Miðvikudaga LOKAÐ

Fimmtudaga 10-12

Föstudaga 10-12



Sími 464-0662

HEILSUGÆSLAN Í MÝVATNSSVEIT

Viðtalstímar hjúkrunarfræðings:

Mánudaga 8.30-10

Þriðjudaga 13-14

Fimmtudaga 8.30-10

Aðrir viðtalstímar eftir samkomulagi.

Blóðprufur:

Á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 8:30-9:30

Lyfjaendurnýjun:

Í síma 464-0500 frá kl. 9-10 alla virka daga

Móttaka lækna:

Á milli kl. 13-15 á mánudögum og á milli kl. 10-12 á fimmtudögum.

Tímamantanir í síma 464-0501 eða 464-0660

Vaktsíminn 1700 er opinn allan sólarhringinn

**Slys og alvarleg veikindi þar
sem bráðrar þjónustu er þörf –
hringið í 112**

Nýtt viðburðardagatal Mývatnssveitar - Allir viðburðir auglýstir á einum stað

Skútustaðahreppur og Mývatnsstofa hafa hleypt af stokkunum rafrænu viðburðardagatali inni á heimasíðu beggja aðila. Tilgangurinn er að safna saman á einn stað öllum viðburðum í Mývatnssveit og þannig hafa yfirsýn yfir viðburðina á einum stað en það er svo ótrúlega mikið um að vera hér í sælunni í Mývatnssveit.

Um tilraunaverkefni er að ræða.


Þeir sem vilja fá aðgang að því að setja inn viðburði eru hvattir til að hafa samband við hreppsskrifstofu.

Viðburðir mánaðarins verða svo jafnframt auglýstir í Húsöndinni.

Dagatalið er aðgengilegt á eftirfarandi heimasíðum:

www.visitmyvatn.is/is/dagatal

www.skutustadahreppur.is (dálkur til hægri á forsiðu)



FLÍSAR – FLÍSAR – FLÍSAR

Við eigum til sölu um það bil 70 fermetra af flísum ásamt lími, fúguefni og fleira. Mynd í lit má sjá á heimasíðunni www.gjallandi.is, undir Húsöndinni.

Endilega hafið samband við Daníel í síma 848-9782 fyrir nánari upplýsingar.

Kær kveðja úr Jarðböðunum



Aksturssjóður HSP – Fræðslusjóður HSP Afreksmannasjóður HSP



Stjórn HSP auglýsir eftir umsóknum um styrk úr Aksturssjóði HSP.

Tilgangur sjóðsins er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSP í skipulögðum íþróttæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSP.

Eingöngu félagar innan aðildarfélaga HSP geta sótt um styrki úr sjóðnum. Umsækjendur geta verið foreldrar/forráðamenn, hópur foreldra eða aðildarfélög HSP. Reglugerð sjóðsins og umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu HSP <http://hsth.is/log-og-reglugerdir/>. Umsóknarfrestur vegna aksturs á sumarönn er til og með 10. september n.k.

Stjórn HSP auglýsir eftir umsóknum í Fræðslusjóð HSP

Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með því að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótt- og félagslífi í héraði til framdráttar.

Öll aðildarfélög innan HSP og félagsmenn þeirra eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Reglugerð sjóðsins og umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu HSP <http://hsth.is/log-og-reglugerdir/>. Umsóknarfrestur í fræðslusjóð á árinu er til og með 15. nóvember n.k.

Að lokum vill stjórn HSP minna á Afreksmannasjóð HSP. Reglugerð sjóðsins og umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu HSP www.hsth.is

